



Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 19. febrúar 2003

Efni: Umsögn BHM um 550. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Vísað er til bréfs yðar, dags. 11. febrúar sl., sem barst BHM 12. febrúar sl eða fyrir rétttri viku. BHM gagnrýnir harðlega að einungis skuli veittur 7 daga frestur til þess að veita umsögn um svo mikilvægt frumvarp. Þar sem BHM höfðu á fyrri stigum borist drög að frumvarpinu úr félagsmálaráðuneyti gafst kostur á að fara betur yfir málið en ella en gerður er fyrirvari um frekari athugasemdir þar sem ekki náðist á svo skömmum tíma að sannreyna hvort og þá hvaða efnislegur munur væri á þeim drögum og frumvarpi þessu. Í þessu sambandi skal tekið fram að fjallað hefur verið um frumvarp þetta á þremur fundum í Vinnuumhverfisnefnd BHM.

Hér á eftir fara athugasemdir BHM eftir röð greina í gildandi lögum og eftir atvikum ákvæðum frumvarpsins í sviga.

5. gr.

(ekki í frumvarpinu)

Lagt er til að við 5. gr. laganna bætist málsgrein, 2. mgr.:

„Sama gildir um deildir eða svið þar sem eru 50 eða fleiri starfsmenn. Sitja öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn þá í öryggisnefnd skv. 6. gr.“

Tilfærsla valds frá stjórn Vinnueftirlits ríkisins (VER) til ráðherra

(2. gr., 7. gr., 8. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 15. gr., 17., g-liður 19. gr., 22. gr., 23. gr., 24. gr., 26. gr. og 28. gr., 36. gr., 37. gr., 40. gr. frumvarpsins)

BHM leggst ekki gegn því að eftirlitsvald ráðherra sé aukið þannig að ráðherra staðfesti reglur sem stjórn VER setur – eða synji staðfestingar. BHM getur einnig fallist á að stjórn VER geri tillögur sem ráðherra geti fallist á að meira eða minna leyti – og þar með synjað staðfestingar eða breytt frá tillögum VER við setningu reglnanna. Á hinn bóginn skal bent á að VER hefur sérþekkingu á umræddum málum en ráðuneytið ekki. Í frumvarpinu er hins vegar alls staðar þar sem við á lagt til að í stað reglusetningar- eða tillöguvalds VER færist reglusetningarvaldið alfarið til ráðherra sem aðeins þurfi að gefa stjórn VER kost á að gefa umsögn. Það liggur í orðalaginu að „umsögn“ er veitt um drög sem til eru orðin – öfugt við tillögu sem kemur fullbúin til staðfestingaraðilans, ráðherra, eins og eðlilegra er. Þetta er í beinni andstöðu við ummæli í almennum athugasemdum (kafla VIII) í greinargerð á bls. 25, neðarlega þar sem segir:

„Engu að síður verður áfram gert ráð fyrir að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins og stjórn stofnunarinnar standi að undirbúningi að reglum á sviði vinnuverndar.“

Sama gildir um breytingu sem lögð er til í 21. gr. frumvarpsins.

Bent er á að í b-lið 15. gr. er rætt um „að fengnum tillögum“ eins og sérþekking forstjóra VER nýtist betur við setningu gjaldskrár en efnisreglna. Athygli einnig vekur að í 1. mgr. 35. gr. frumvarpsins ber svo við að tillaga stjórnar VER á að vera rökstudd. Þetta er vægast sagt óvenjulega að orði komist. Sömuleiðis er sérstakt að í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu á bls. 24, neðst, segir að hagsmunir fulltrúa í stjórn þurfi ekki að fara saman við „hagsmuni stofnunarinnar eða ráðherra.“ Spyrja má hvaða hagsmuni ráðherra hafi?

BHM leggst alfarið gegn þessum breytingum. Ef haldið er fast við þessar breytingar væri réttara að nefna stjórn VER ráðgjafarnefnd.

13. gr.

(5. gr. frv.)

BHM lýsir ánægju með þetta nýmæli.

24. gr.

(6. gr. frv.)

Lýst er ánægju með þetta ákvæði.

38. gr.

(9. gr. frv.)

BHM lýsir ánægju með þær viðbætur sem lagðar eru til en leggur að auki til að við a-liðinn bætist á eftir orðasambandinu „hreyfinga eða of mikils“ orðin „andlegs/líkamlegs“.

Þó telur BHM heppilegra að ánægjuleg efnisregla í lok nýs e-liðar standi í sérstakri grein, t.d. 38. gr. A, til þess að gefa henni aukið vægi.

50. gr.

(16. gr.)

BHM leggur til að á 2. mgr. 50. gr. eins og hún er orðuð í frumvarpinu bætist við á eftir orðunum „skriflegar leiðbeiningar“ orðin „á íslensku, svo og á ensku ef þörf er á,“.

e-liður 54. gr.

(19. gr. frumvarpsins)

Lagt er til að í stað hugtaksins „frídagur“ komi hugtakið „hvíldardagur“ sem er ekki það sama í þessu sambandi. Nægir í því efni að vísa til leiðbeininga samráðsnefndar um skipulag vinnutíma frá 16. febrúar 2001 þar sem segir:

„Gera þarf greinarmun á frídegi og hvíldardegi. Starfsmenn eiga almennt rétt á tveimur frídögum í viku hverri en aðeins annar þeirra telst hvíldardagur.“

Þá er bent á að orðalag hefur ruglast í 2. mgr. e-liðar miðað við greinilega fyrirmynd, þ.e. umræddar leiðbeiningar samráðsnefndar um skipulag vinnutíma. Lagt er til að orðalagið verði samræmt algerlega enda gefur núverandi texti ranglega til kynna tengsl milli fyrri og síðari málsliðar.

76. gr.

(34. gr. frumvarpsins)

Fagnað er að BHM sem þriðju heildarsamtökum launafólks sé veitt aðild að stjórn VER en áréttaðar fyrri athugasemdir um of mikla tilfærslu valds frá stjórn VER til ráðherra.

78. gr.

(36. gr. frumvarpsins)

Lagt er til að í 2. mgr. 78. gr. bætist nýr svohljóðandi málsliður:

„Atvinnurekanda er skylt að tilkynna vinnuslys og atvinnusjúkdómstilvik til Vinnueftirlits ríkisins.“

79. gr.

(37. gr. frumvarpsins)

Lagt er til að svohljóðandi ákvæði verði bætt við sem 4. mgr. (og 4. mgr. verði 5. mgr.) 79. gr.:

„Vinnueftirlit ríkisins heldur miðlæga skrá yfir slys á vinnustöðum og atvinnusjúkdómstilvik og skal hún byggð á tilkynningum atvinnurekanda skv. 2. mgr. 78. gr., tilkynningum lækna skv. 3. mgr. og tilkynningum Tryggingastofnunar ríkisins skv. 4. mgr.“


Þá er lagt til að VER verði eins og t.a.m. í Danmörku falið að halda skrá yfir viðurkennda atvinnusjúkdóma.

Gert er ráð fyrir að fulltrúum BHM gefist kostur á að fara nánar yfir athugasemdir um frumvarpið á fundi með félagsmálanefnd Alþingis eins og við meðferð sams konar þingmála áður.

Að lokum skulu áréttaðar athugasemdir BHM í fyrri umsögnum um sambærileg frumvörp sem lúta að þörf á því að lögbinda viðurlög við brotum á reglum laganna, sbr. einkum síðustu umsögnina, dags. 8. apríl 2002, sem hjalögð er ásamt fylgiskjölum. Sama er að segja um ánægju með aukna áherslu á sálfélagslega þætti vinnuverndar.

Virðingarfyllt,

f.h. BHM,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.